

**Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088****frá 27. nóvember 2019****um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 25. september 2015 nýjan hnattrænan ramma um sjálfbæra þróun: Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030 („Áætlun 2030“), en markmiðin um sjálfbæra þróun eru kjarni hennar. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. nóvember 2016 um næstu skref fyrir sjálfbæra framtíð Evrópu eru markmiðin um sjálfbæra þróun tengd við stefnuramma Sambandsins til að tryggja að allar aðgerðir Sambandsins og stefnumótandi frumkvæði, bæði innan Sambandsins og á heimsvísu, feli markmiðin um sjálfbæra þróun í sér frá upphafi. Ráðið staðfesti í niðurstöðum sínum frá 20. júní 2017 að Sambandið og aðildarríki þess skuldbyndu sig til að framkvæma áætlunina fyrir 2030 að fullu á samræmdan, heildstæðan, samþættan og skilvirkan hátt og í nánú samstarfi við samstarfsaðila og aðra hagsmunaaðila.
- 2) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við markmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilmáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Parísarsamningurinn sem var samþykktur samkvæmt rammamunni Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar („Parísarsamningurinn“), sem Sambandið samþykkti 5. október 2016 (3) og sem öðlaðist gildi 4. nóvember 2016, miðar að því að efla viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, meðal annars, að gera fjármagnsstreymi samhæft við ferli í átt að þróun að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og viðnámi gegn loftslagsbreytingum.
- 3) Til að ná markmiðum Parísarsamningsins og draga verulega úr áhættu og áhrifum af loftslagsbreytingum er hnattræna markmiðið að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu.

(1) Stjtið. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 97.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2019.

(3) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammamunni Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

- 4) Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB <sup>(4)</sup>, 2009/138/EB <sup>(5)</sup>, 2011/61/ESB <sup>(6)</sup>, 2013/36/ESB <sup>(7)</sup>, 2014/65/ESB <sup>(8)</sup>, (ESB) 2016/97 <sup>(9)</sup>, (ESB) 2016/2341 <sup>(10)</sup>, og reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 <sup>(11)</sup>, (ESB) nr. 346/2013 <sup>(12)</sup>, (ESB) 2015/760 <sup>(13)</sup>, og (ESB) 2019/1238 <sup>(14)</sup>, deila sameiginlegu markmiði um að greiða fyrir því að taka upp og stunda starfsemi verðbréfasjóða (UCITS), lánastofnana, rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFM) sem reka eða markaðssetja sérhæfða sjóði, þ.m.t. Evrópska langtímafjárfestingarsjóði (ELTIF), váttryggingafélaga, verðbréfafyrirtækja, váttryggingamiðlara, stofnana um starfstengdan lífeyri (IORP), rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða (rekstraraðilar EuVECA) rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða (rekstraraðilar EuSEF) og seljenda samevrópskra séreignarafurða (PEPP). Tilskipanir þessar og reglugerðir tryggja samræmdari vernd endanlegra fjárfesta og auðvelda þeim að njóta góðs af fjölbreyttum fjármálaafurðum, ásamt því að setja á sama tíma reglur sem gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir.
- 5) Upplýsingagjöf til endanlegra fjárfesta um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn, hvernig tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni, um sjálfbær fjárfestingarmarkmið eða um stuðning við umhverfislega eða félagslega þætti, í fjárfestingarákvarðunum og í ráðgjafarferli, er ekki nægilega vel þróuð vegna þess að slík upplýsingagjöf lýtur ekki samræmdum kröfum.
- 6) Undanþága frá þessari reglugerð fyrir fjármálaráðgjafa sem hafa færri en þrjú starfsmenn ætti ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða í landslögum sem lögleiða tilskipanir 2014/65/ESB og (ESB) 2016/97, einkum reglur um fjárfestinga- og váttryggingaráðgjöf. Þótt þessum ráðgjöfum sé ekki skylt að veita upplýsingar í samræmi við þessa reglugerð, ætti þeim því að vera skylt að huga að og taka tillit til áhættu tengda sjálfbærni í ráðgjafarferlinu.
- 7) Aðilar sem falla undir reglugerð þessa ættu, eftir því hvers eðlis starfsemi þeirra er, að fara að reglunum um aðila á fjármálamarkaði þar sem þeir framleiða fjármálaafurðir og ættu að fara að reglunum um fjármálaráðgjafa þar sem þeir veita fjárfestingaráðgjöf eða váttryggingaráðgjöf. Þegar slíkir aðilar stunda samtímis starfsemi sem bæði aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar, ætti því að líta á slíka aðila sem aðila á fjármálamarkaði ef þeir koma fram sem framleiðendur fjármálaafurða, þ.m.t. stýring eignasafns, og ætti að líta á þá sem fjármálaráðgjafa ef þeir veita þjónustu á sviði fjárfestinga og váttrygginga.
- 8) Þar eð Sambandið stendur í auknum mæli frammi fyrir hörmulegum og ófyrirsjáanlegum afleiðingum af loftslagsbreytingum, eyðingu auðlinda og af öðrum vanda sem tengist sjálfbærni er þörf á brýnum aðgerðum til að virkja fjármagn, ekki aðeins með opinberri stefnumótun heldur einnig af hálfu fjármálaþjónustugeirans. Aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum ætti því að vera skylt að birta tiltekna upplýsingar sem varða nálgun þeirra við að fella inn áhættu tengda sjálfbærni og að taka tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni.

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

<sup>(8)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu váttrygginga (Stjtið. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og efirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

<sup>(11)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarafurð (PEPP) (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).

- 9) Ef ekki eru fyrir hendi samræmdar reglur á vettvangi Sambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni til endanlegra fjárfesta, er líklegt að enn um sinn verði mismunandi ráðstafanir samþykktar á landsvísu og mismunandi aðferðir í mismunandi fjármálaþjónustugeirum kynnu að vera viðvarandi. Slíkar mismunandi ráðstafanir og aðferðir myndu áfram valda umtalsverðri röskun á samkeppni vegna umtalsverðs mismunar á stöðlum um upplýsingagjöf. Þá veldur samhliða þróun markaðstengdra starfsvenja, sem byggja á markaðsdrifnum forgangsmálum sem leiða til mismunandi niðurstöðu, frekari uppskiptingu markaðarins nú um stundir og gæti jafnvel aukið óskilvirkni í starfsemi innri markaðarins í framtíðinni. Mismunandi birtingarstaðlar og markaðstengdar starfsvenjur gera erfitt um vik að bera saman mismunandi fjármálaafurðir, skapa ójafna samkeppnisstöðu fyrir slíkar afurðir og fyrir dreifingarleiðir og reisa viðbótarhindranir á innri markaðnum. Slík sundurleitni gæti einnig verið ruglingsleg fyrir endanlega fjárfesta og gæti raskað fjárfestingarákvörðunum þeirra. Hætta er á að aðildarríkin samþykki mismunandi innlendar ráðstafanir, þegar þau tryggja að farið sé að Parísarsamningnum, en það gæti skapað hindranir í vegi snurðulausrar starfsemi innri markaðarins og haft skaðleg áhrif á aðila á fjármálamarkaði og á fjármálaráðgjafa. Þá gerir skortur á samræmdum reglum sem tengjast gagnsæi endanlegum fjárfestum erfitt um vik að bera saman á skilvirkan hátt mismunandi fjármálaafurðir í mismunandi aðildarríkjum að því er varðar áhættu þeirra sem tengist umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og stjórnunaráhættu og markmiðum um sjálfbærar fjárfestingar. Því er nauðsynlegt að taka á fyrirliggjandi hindrunum í starfsemi innri markaðarins og að efla samanburðarhæfi fjármálaafurða til að koma í veg fyrir líklegar hindranir í framtíðinni.
- 10) Markmið þessarar reglugerð er að draga úr ósamræmi í upplýsingum í sambandi umbjóðanda og umboðsaðila að því er varðar hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn, tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni, eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar með því að skylda aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa til að veita endanlegum fjárfestum upplýsingar áður en samningur er gerður og með viðvarandi hætti þegar þeir koma fram sem umboðsaðilar þessara endanlegra fjárfesta (umbjóðendur).
- 11) Reglugerð þessi bætir við birtingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013, (ESB) 2015/760 og (ESB) 2019/1238, svo og í landslögum um séreignarafurðir og einstakar afurðir. Aðildarríkin ættu, til að tryggja skipulegt og skilvirkt eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, að reiða sig á lögbær yfirvöld sem hafa þegar verið tilnefnd samkvæmt þessum reglum.
- 12) Í reglugerð þessari er haldið í þær kröfur að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar aðhafist með hagsmuni endanlegra fjárfesta að leiðarljósi, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, kröfuna um að gera fullnægjandi áreiðanleikakönnun áður en ráðist er í fjárfestingar, eins og kveðið er á um í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013, svo og í landslögum um séreignarafurðir og einstakar afurðir. Til að rækja skyldur sínar samkvæmt þessum reglum ættu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar að fella inn í ferli sín, m.a. í áreiðanleikakönnunarferlið, og meta á viðvarandi grundvelli ekki aðeins alla viðkomandi fjármálaáhættu heldur einnig alla viðkomandi áhættu tengda sjálfbærni sem kynni að hafa verulega neikvæð áhrif á ávöxtun af fjárfestingu eða ráðgjöf. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar að tilgreina í stefnumálum sínum hvernig þeir fella þá áhættu inn og birta þá stefnu sína.
- 13) Í þessari reglugerð er gerð krafa um að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar sem veita fjárfestingarráðgjöf eða váttryggingarráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir (IBIP), án tillits til hönnunar fjármálaafurðarinnar og markhópsins, birti skriflega stefnu sína um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn og tryggi gagnsæi slíkrar innfellingar.
- 14) Með áhættu tengda sjálfbærni er átt við atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá, sem, ef það kemur upp, gæti haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar, eins og tilgreint er í sérlægum, einkum í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, eða í framseldum gerðum og tæknilegum eftirlitsstöðlum sem hafa verið samþykktir samkvæmt þeim.
- 15) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á reglurnar um samþættingu áhættu samkvæmt tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013, svo og í landslögum um séreignarafurðir og einstakar afurðir, þ.m.t. en takmarkast þó ekki við viðeigandi, gildandi meðalhófsviðmið, svo sem stærð, innra skipulag og eðli,

umfang og það hve starfsemin sem um ræðir er flókin. Í þessari reglugerð er leitast við að ná meira gagnsæi um það hvernig aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fella áhættu tengda sjálfbærni inn í fjárfestingarákvarðanir sínar og ráðgjöf á sviði fjárfestinga eða váttrygginga. Þegar mat á áhættu tengdri sjálfbærni leiðir til þeirrar niðurstöðu að fyrir hendi sé ekki nein áhætta tengd sjálfbærni sem talin er skipta máli fyrir fjármálaafurðina, ætti að greina frá ástæðum þess. Ef matið leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi áhætta skipti máli ætti að birta upplýsingar um að hve miklu leyti þessi áhætta tengd sjálfbærni kynni að hafa áhrif á arðsemi fjármálaafurðarinnar, annaðhvort á eigindlegan eða meginlegan hátt. Mat aðila á fjármálamarkaði á áhættu tengdri sjálfbærni og veiting tengdra upplýsinga áður en samningur er gerður ætti að vera hluti af þeim upplýsingum sem fjármálaráðgjafar veita áður en samningur er gerður. Fjármálaráðgjafar ættu, áður en þeir veita ráðgjöf sína, að birta upplýsingar um hvernig þeir taki tillit til áhættu tengda sjálfbærni við val á endanlegri afurð sem er kynnt fyrir endanlegum fjárfestum, óháð því hvað endanlegir fjárfestar kjósa helst að því er varðar sjálfbærni. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða úr landslögum sem leiða í lög tilskipanir 2014/65/ESB og (ESB) 2016/97, einkum skyldur aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa að því er varðar afurðastýringu, mat á hentugleika og hæfi og prófun á kröfum og þörfum.

- 16) Fjárfestingarákvarðanir og -ráðgjöf gætu valdið, stuðlað að eða tengst beint áhrifum á sjálfbærniþætti sem eru neikvæðir, verulegir eða líklegir til að vera verulegir.
- 17) Nauðsynlegt er, til að tryggja samræmda og samfellda beitingu þessarar reglugerðar, að mæla fyrir um samræmda skilgreiningu á „sjálfbærri fjárfestingu“ þar sem kveðið er á um að félögin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum og að varúðarreglan „ekki valda umtalsverðu tjóni“ sé tryggð, svo að hvorki umhverfismarkmiðið né félagslega markmiðið verði fyrir verulegu tjóni.
- 18) Ef aðilar á fjármálamarkaði, að teknu tilliti til stærðar þeirra, eðlis og umfangs starfsemi þeirra og tegunda fjármálaafurða sem þeir bjóða, taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti, hvort sem þau eru veruleg eða líkleg til að vera veruleg, ættu þeir að fella inn í ferli sín, m.a. í áreiðanleikakönnunarferlið, verklagsreglur til að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna ásamt viðkomandi fjárhagslegri áhættu og viðkomandi áhættu tengda sjálfbærni. Í upplýsingum um slíkar verklagsreglur gæti verið lýsing á því hvernig aðilar á fjármálamarkaði rækja sjálfbærnitengdar stjórnunarskyldur sínar eða aðra þáttöku hluthafa. Aðilar á fjármálamarkaði ættu að setja á vefsetur sín upplýsingar um þessar verklagsreglur og lýsingu á helstu neikvæðu áhrifunum. Sameiginleg nefnd Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010<sup>(15)</sup>, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010<sup>(16)</sup> (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010<sup>(17)</sup> (ESMA) („sameiginlega nefndin“) og aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar, ættu, að því er það varðar, að taka tillit til leiðbeininga um áreiðanleikakönnun í ábyrgum viðskiptaháttum fyrirtækja sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) mótaði og meginreglna um ábyrgar fjárfestingar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa stutt.
- 19) Sé tekið tillit til sjálfbærniþátta þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar og í ráðgjafarferlinu getur það haft í för með sér ávinning sem nær út fyrir fjármálamarkaði. Það getur aukið álagspól raunhagkerfisins og stöðugleika fjármálakerfisins. Þar með getur það, þegar allt kemur til alls, haft áhrif á áhættu og arðsemi fjármálaafurða. Því er mikilvægt að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar veiti nauðsynlegar upplýsingar til að gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir.

<sup>(15)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

<sup>(16)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

<sup>(17)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 20) Aðilar á fjármálamarkaði sem taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti ættu, áður en samningur er gerður, að birta gagnorðar upplýsingar fyrir hverja fjármálaafurð, á eigindlegan eða megindlegan hátt, um hvernig tekið er tillit til slíkra áhrifa, ásamt yfirlýsingu um að upplýsingar um helstu neikvæðu áhrifin á sjálfbærniþætti séu aðgengilegar í áframhaldandi skýrslugjöf. Helstu neikvæðu áhrifin ætti að skilja sem þau áhrif af fjárfestingarákvörðunum og ráðgjöf sem leiða til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti.
- 21) Fram til þessa hafa sjálfbærar afurðir verið þróaðar af mismiklum metnaði. Því er nauðsynlegt, að því er varðar birtingu upplýsinga áður en samningur er gerður og birtingu upplýsinga í reglubundnum skýrslum, að gera greinarmun á kröfum sem gilda um fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti og kröfum sem gilda um fjármálaafurðir sem hafa það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið. Að því er varðar fjármálaafurðir með umhverfislega eða félagslega þætti ættu aðilar á fjármálamarkaði af þessum sökum að birta upplýsingar um hvort og hvernig tilgreind vísitala, sjálfbærnivísitala eða hefðbundin vísitala er samræmd við þá þætti og, ef ekkert viðmiðunargildi er notað, upplýsingar um hvernig sjálfbærnieinkenni fjármálaafurðanna eru uppfyllt. Aðilar á fjármálamarkaði ættu, að því er varðar fjármálaafurðir með það markmið að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið, að birta hvaða sjálfbæru viðmiðunargildi þeir nota til að meta varanlegan árangur og ef ekkert viðmiðunargildi er notað, skýra með hvaða hætti því sjálfbærni-markmiði er náð. Þessar upplýsingar á að veita árlega í reglubundnum skýrslum.
- 22) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á reglur um launakjör eða mat á frammistöðu starfsfólks aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa samkvæmt tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (EU) nr. 346/2013, eða á framkvæmdargerðir og landslög sem gilda um séreignarafurðir og einstakar afurðir, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, um viðkomandi, gildandi meðalhöfsviðmið eins og stærð, innra skipulag og eðli, umfang og það hversu flókin viðkomandi starfsemi er. Þó er rétt að ná fram meira gagnsæi, á eigindlegan eða megindlegan hátt, um starfskjarastefnu aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa, að því er varðar fjárfestinga- og váttryggingaráðgjöf þeirra, sem stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni, en á hinn bóginn hvetur starfskjarastefnan ekki til óhóflegrar áhættutöku að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og tengist frammistöðu, að teknu tilliti til áhættu.
- 23) Til að auka gagnsæi og upplýsa endanlega fjárfesta ætti aðgengi að upplýsingum um hvernig aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fella viðkomandi áhættu tengda sjálfbærni, hvort sem hún er veruleg eða líkleg til að vera veruleg, inn í fjárfestingarákvarðanatökufærli sitt, þ.m.t. skipulags-, áhættustýringar- og stjórnunarþætti slíkra ferla, og inn í ráðgjafarfærli sitt að lúta kröfum um að þessar aðilar hafi hnitmiðaðar upplýsingar um þessar stefnur á vefsetrum sínum.
- 24) Í núgildandi kröfum um upplýsingagjöf, sem eru settar fram í lögum Sambandsins, er ekki gerð krafa um birtingu allra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að upplýsa endanlega fjárfesta með videigandi hætti um sjálfbærnitengd áhrif fjárfestinga þeirra í fjármálaafurðum með umhverfislega eða félagslega þætti eða fjármálaafurðum með sjálfbærnimarkmið. Því er videigandi að setja fram sértækari og staðlaðar kröfur um upplýsingagjöf að því er varðar slíkar fjárfestingar. Til dæmis ætti að gera reglulega grein fyrir heildaráhrifum sjálfbærnitengdra fjármálaafurða með vísnum sem eru videigandi til að meta sjálfbærnimarkmiðið sem var valið. Þegar videigandi vísir hefur verið tilnefndur sem tilvísunarviðmiðun ætti einnig að veita þær upplýsingar fyrir tilnefnda vísinn og einnig fyrir breiðan markaðsvísi til að gefa kost á samanburði. Þegar stjórnendur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða gera aðgengilegar upplýsingar um jákvæð félagsleg áhrif sem eru markmið tiltekins sjóðs, um þann félagslega heildarárangur sem hefur náðst og um tengdar aðferðir sem eru notaðar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 346/2013, gætu þeir, eftir því sem við á, notað slíkar upplýsingar að því er varðar upplýsingagjöf samkvæmt þessari reglugerð.
- 25) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB <sup>(18)</sup> eru lagðar á skyldur um gagnsæi að því er varðar málefni umhverfisins, samfélagsins og stjórnarháttar fyrirtækja í ófjárhagslegri skýrslugjöf. Form og framsetning sem krafa er gerð um í þeirri tilskipun er hins vegar ekki alveg við hæfi fyrir beina notkun af hálfu aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa þegar þeir eiga í viðskiptum við endanlega fjárfesta. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar ættu að hafa val um að nota upplýsingar í skýrslu framkvæmdastjórnar og í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði að því er varðar þessa reglugerð og í samræmi við þá tilskipun, eftir því sem við á.

<sup>(18)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- 26) Til að tryggja að upplýsingar sem eru birtar á vefsetrum aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa séu áreiðanlegar ættu slíkar upplýsingar að vera uppfærðar reglulega og útskýra ætti skilmerkilega hvers kyns endurskoðun eða breytingar á slíkum upplýsingum.
- 27) Þótt þessi reglugerð taki ekki til innlendra almannatryggingakerfa sem reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 taka til ættu aðildarríkin að eiga þess kost að beita þessari reglugerð gagnvart slíkum kerfum til að draga úr misvægi í upplýsingagjöf, í ljósi þess að þau opna í auknum mæli hluta stjórnunar skyldubundinna lífeyriskerfa innan almannatryggingakerfis sinna fyrir aðilum á fjármálamarkaði eða öðrum aðilum samkvæmt einkarétti og þar eð slík kerfi eru óvarin fyrir áhættu tengda sjálfbærni og kynnu að taka tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni, efla umhverfislega eða félagslega þætti eða stunda sjálfbærar fjárfestingar.
- 28) Reglugerð þessi ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða hafi áfram í gildi strangari ákvæði um birtingu á stefnu til aðlögunar að loftslagsbreytingum og um viðbótarupplýsingagjöf til endanlegra fjárfesta varðandi áhættu tengda sjálfbærni, að því tilskildu að þeir aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar sem þetta snertir hafi aðalskrifstofur sínar á umráðasvæði þess. Slík ákvæði ættu þó ekki að torvelda árangursríka beitingu þessarar reglugerðar eða að hún nái markmiðum sínum.
- 29) Stofnunum um starfstengdan lífeyri er þegar skylt, samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2341, að beita reglum um stjórnarhætti og áhættustýringu gagnvart fjárfestingarákvörðunum sínum og áhættumati til að tryggja samfellu og reglufestu. Fjárfestingarákvarðanir um og mat á viðeigandi áhættu, þ.m.t. umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu, ættu að fara fram á þann hátt að þær tryggi að hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega stofnana um starfstengdan lífeyri séu tryggðir. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti að gefa út leiðbeiningar þar sem tilgreint er hvernig fjárfestingarákvarðanir og áhættumat af hálfu stofnana um starfstengdan lífeyri eigi að taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu samkvæmt þeirri tilskipun.
- 30) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin (einu nafni „evrópsku eftirlitsstofnanir“) ættu að fá umboð, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga í tengslum við sjálfbærnivísa að því er varðar loftslagið og önnur neikvæð áhrif sem tengjast umhverfinu, við félagsleg og starfsmannatengd málefni, við virðingu fyrir mannréttindum og við baráttuna gegn spillingu og mútum, ásamt því að tilgreina framsetningu og efni upplýsinganna að því er varðar að efla umhverfislega eða félagslega eiginleika og sjálfbær fjárfestingarmarkmið sem verða birt í gögnum sem lögð eru fram áður en samningur er gerður, ársskýrslum og á vefsetrum aðila á fjármálamarkaði í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010. Framkvæmdastjórnin ætti að fá heimild til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseidum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.
- 31) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu að fá umboð, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem ákvarða staðlaða framsetningu upplýsinga í markaðsefni um eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessu tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerð skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.
- 32) Þar eð ársskýrslur draga alla jafna saman rekstrarniðurstöður fyrir heil almanaksár ættu ákvæði þessarar reglugerðar varðandi gagnsæiskröfur fyrir slíkar skýrslur ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 2022.
- 33) Reglurnar um upplýsingagjöf í þessari reglugerð ættu að vera til viðbótar við ákvæðin í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97 og (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013, (ESB) 2015/760 og (ESB) 2019/1238.
- 34) Í þessari reglugerð er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að styrkja vernd endanlegra fjárfesta og bæta upplýsingagjöf til þeirra, m.a. þegar um er að ræða innkaup endanlegra fjárfesta yfir landamæri, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þarfarinnar á að mæla fyrir um samræmdar kröfur um upplýsingagjöf, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

**Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa um gagnsæi að því er varðar hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn og tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni í ferlum þeirra og að því er varðar veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir.

## 2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „aðili á fjármálamarkaði“:
  - a) váttryggingafélag sem veitir váttryggingatengda fjárfestingarafurð (IBIP),
  - b) verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns,
  - c) stofnun um starfstengdan lífeyri (IORP),
  - d) framleiðandi lífeyrisafurðar,
  - e) rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM),
  - f) seljandi samevrópskrar séreignarafurðar (PEPP),
  - g) rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs sem er skráður í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013,
  - h) rekstraraðili viðurkennds, félagslegs framtakssjóðs sem er skráður í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013,
  - i) rekstraraðili verðbréfasjóðs (rekstrarfélag UCITS) eða
  - j) lánastofnun sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns,
- 2) „váttryggingafélag“: váttryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
- 3) „váttryggingatengd fjárfestingarafurð“ eða „IBIP“:
  - a) váttryggingatengd fjárfestingarafurð eins og hún er skilgreind í 2. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 <sup>(19)</sup>, eða
  - b) váttryggingaafurð sem er gerð aðgengileg fagfjárfesti og er með líftíma- eða endurkaupsvirði sem er að öllu leyti eða að hluta óvarið, beint eða óbeint, gagnvart markaðsflökti,
- 4) „rekstraraðili sérhæfðra sjóða“: rekstraraðili sérhæfðra sjóða eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
- 5) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 6) „stýring eignasafns“: stýring eignasafns, eins og hún er skilgreind í 8. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 7) „stofnun um starfstengdan lífeyri“ eða „IORP“: stofnun um starfstengdan lífeyri með starfsleyfi eða skráð í samræmi við 9. gr. tilskipunar (ESB) 016/2341, að undanskilinni stofnun sem aðildarríki hefur kosið að beita 5. gr. þeirrar tilskipunar eða stofnun sem starfrækir lífeyriskerfi sem samanlagt hafa færri en 15 aðila í heild,

<sup>(19)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (Stjtið. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

- 8) „lífeyrisafurð“:
- a) lífeyrisafurð eins og um getur í e-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 1286/2014) eða
  - b) einstök lífeyrisafurð eins og um getur í g-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 1286/2014,
- 9) „samevrópsk séreignarafurð“ eða „PEPP“: afurð eins og um getur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
- 10) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“:
- a) rekstrarfélag eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða
  - b) fjárfestingarfélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB sem hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag með starfsleyfi samkvæmt þeirri tilskipun fyrir rekstur sinn,
- 11) „fjármálaráðgjafi“:
- a) váttryggingamiðlari sem veitir váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir,
  - b) váttryggingafélag sem veitir váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir,
  - c) lánastofnun sem veitir fjárfestingarráðgjöf,
  - d) verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf,
  - e) rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem veitir fjárfestingarráðgjöf í samræmi við i. lið b-liðar 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
  - f) rekstrarfélag verðbréfasjóðs sem veitir fjárfestingarráðgjöf í samræmi við i. lið b-liðar 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- 12) „fjármálaafurð“:
- a) eignasafn sem er stjórnað í samræmi við 6. lið þessarar greinar,
  - b) sérhæfður sjóður (AIF),
  - c) váttryggingatengd fjárfestingarafurð (IBIP),
  - d) lífeyrisafurð,
  - e) lífeyriskerfi,
  - f) verðbréfasjóður, eða
  - g) samevrópsk séreignarafurð (PEPP),,
- 13) „sérhæfðir sjóðir“ eða „AIF-sjóðir“: AIF-sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
- 14) „lífeyriskerfi“: lífeyriskerfi eins og það er skilgreint í 2. lið 6. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,
- 15) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“ eða „UCITS“: fyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- 16) „fjárfestingarráðgjöf“: fjárfestingarráðgjöf eins og hún er skilgreind í 4. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 17) „sjálfbær fjárfesting“: fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði, eins og það er mælt, t.d., með lykilverkum um skilvirka nýtingu auðlinda að því er varðar orkunotkun, endurnýjanlega orku, hráefni, vatn og land, framleiðslu á úrgangi og losun gróðurhúsalofttegunda, eða áhrif þessa á líffræðilega fjölbreytni og hringrásarhagkerfið eða fjárfestingu í atvinnustarfsemi sem stuðlar að félagslegu markmiði, einkum fjárfestingu sem stuðlar að því að tekið sé á ójöfnuði eða sem hlúir að félagslegri samheldni, félagslegri aðlögun og tengslum milli aðila vinnumarkaðarins, eða fjárfestingu í mannaauði eða efnahagslega eða félagslega illa settum sveitarfélögum, að því tilskildu að slíkar fjárfestingar skaði ekki umtalsvert eitthvert þessara markmiða og að félögin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum, einkum að því er varðar traust stjórnunarfyrrirkomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsmanna og að skattareglum sé fylgt,
- 18) „fagfjárfestir“: viðskiptavinur sem uppfyllir viðmiðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
- 19) „almennur fjárfestir“: fjárfestir sem er ekki fagfjárfestir,
- 20) „váttryggingamiðlari“: váttryggingamiðlari eins og hann er skilgreindur í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,



- 21) „vátryggingaráðgjöf“: ráðgjöf eins og hún er skilgreind í 15. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,
- 22) „áhætta tengd sjálfbærni“: atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar,
- 23) „evrópskur langtímafjárfestingarsjóður“ eða „ELTIF“: sjóður með starfsleyfi í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,
- 24) „sjálfbærniþættir“: umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.

### 3. gr.

#### Gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta á vefsetrum sínum upplýsingar um stefnur sínar um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökufæri þeirra.
2. Fjármálaráðgjafar skulu birta á vefsetrum sínum upplýsingar um stefnur sínar um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingar- eða vátryggingaráðgjöf þeirra.

### 4. gr.

#### Gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á einingastigi

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum:
  - a) ef þeir taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, yfirlýsingu um stefnur um áreiðanleikakönnun að því er varðar þessi áhrif, að teknu tilliti til stærðar þeirra, eðlis og umfangs starfsemi þeirra og þeirra gerða fjármálaafurða sem þeir veita, eða
  - b) ef þeir taka ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, skýrar ástæður fyrir því hvers vegna þeir gera það ekki, þ.m.t., ef við á, upplýsingar um hvort og hvenær þeir hyggjast taka tillit til slíkra neikvæðra áhrifa.
2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu að minnsta kosti hafa eftirfarandi með í upplýsingunum sem veittar eru í samræmi við a-lið 1. mgr.:
  - a) upplýsingar um stefnur sínar um greiningu og forgangs röðun helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærni og vísa,
  - b) lýsingu á helstu neikvæðu áhrifunum á sjálfbærni og á hvers kyns aðgerðum þar að lútandi sem gripið hefur verið til eða, ef við á, eru fyrirhugaðar,
  - c) stutta samantekt á þátttökustefnu í samræmi við 3. gr. g í tilskipun 2007/36/EB, ef við á,
  - d) tilvísun í fylgni þeirra við reglur um ábyrga viðskiptahætti fyrirtækja og alþjóðlega viðurkennda staðla um áreiðanleikakönnun og skýrslugjöf og, ef við á, að hve miklu leyti þær eru í samræmi við markmið Parísarsamningsins.
3. Þrátt fyrir 12. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði sem á dagsetningu efnahagsreiknings fara yfir viðmiðið um 500 starfsmenn að meðaltali á fjárhagsárinu, frá og með 30. júní 2021, birta og uppfæra á vefsetrum sínum yfirlýsingu um stefnur sínar um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrifin af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti. Sú yfirlýsing skal að minnsta kosti að hafa að geyma upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.
4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu aðilar á fjármálamarkaði sem eru móðurfélög stórrar samstæðu eins og um getur í 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB og sem á dagsetningu efnahagsreiknings samstæðunnar, á samstæðugrunni, fara yfir viðmiðið um 500 starfsmenn að meðaltali á fjárhagsárinu, birta og uppfæra á vefsetrum sínum yfirlýsingu um stefnur sínar um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrifin af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti. Þessi tilkynning skal að minnsta kosti innihalda upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

5. Fjármálaráðgjafar skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum:
- upplýsingar um hvort þeir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til stærðar sinnar, eðlis og umfangs starfsemi og þær tegundir fjármálaafurða sem þeir veita ráðgjöf um, taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærniþætti í ráðgjöf sinni um fjárfestingar eða váttryggingar, eða
  - upplýsingar um það hvers vegna þeir taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingarráðgjöf sinni eða váttryggingaráðgjöf og, ef við á, þ.m.t. upplýsingar um hvort og þá hvenær þeir hyggjast taka tillit til slíkra neikvæðra áhrifa.

6. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og eigi síðar en 30. desember 2020, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 10. til 14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga sem um getur í 1. til 5. mgr. þessarar greinar að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð áhrif á loftslagið og önnur umhverfistengd neikvæð áhrif.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, ef við á, leita eftir álitni Umhverfisstofnunar Evrópu og sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

7. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og eigi síðar en 30. desember 2021, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 10. til 14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 1. til 5. mgr. þessarar greinar að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð áhrif á sviði félagslegra og starfsmannatengdra málefna, virðingu fyrir mannréttindum og málefnum sem tengjast baráttunni gegn spillingu og mútum.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

#### 5. gr.

#### **Gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn**

- Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu í starfskjarastefnum sínum hafa upplýsingar um hvernig þær stefnur samræmast innfellingu áhættu tengda sjálfbærni og skulu birta þær upplýsingar á vefsetrum sínum.
- Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu hafðar með í starfskjarastefnum sem aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum ber skylda til að koma á og uppfæra í samræmi við sérlög, einkum tilskipanir 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97 og (ESB) 2016/2341.

#### 6. gr.

#### **Gagnsæi í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn**

- Aðilar á fjármálamarkaði skulu láta lýsingar á eftirfarandi fylgja með í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður:
  - á hvern hátt áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir þeirra og
  - á niðurstöðum mats á líklegum áhrifum áhættu tengda sjálfbærni á ávöxtun fjármálaafurða sem þeir gera aðgengilegar.

Ef aðilar á fjármálamarkaði telja að áhætta tengd sjálfbærni eigi ekki við skulu lýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein hafa að geyma skýra og gagnorða skýringu á ástæðunum fyrir því.

- Fjármálaráðgjafar skulu láta lýsingar á eftirfarandi fylgja með í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður:
  - á hvern hátt áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingar- eða váttryggingaráðgjöf þeirra og
  - á lýsingu á mati á líklegum áhrifum áhættu tengdri sjálfbærni á ávöxtun fjármálaafurða sem þeir veita ráðgjöf um.

Ef fjármálaráðgjafar telja að áhætta tengd sjálfbærni eigi ekki við skulu lýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein hafa að geyma skýra og gagnorða skýringu á ástæðunum fyrir því.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu birtar á eftirfarandi hátt:
- a) að því er varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða, í upplýsingunum til fjárfesta sem um getur í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
  - b) að því er varðar váttryggingafélög, í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 185. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða, ef við á, í samræmi við 1. mgr. 29. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,
  - c) að því er varðar stofnun um starfstengdan lífeyri, í upplýsingunum sem um getur í 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,
  - d) að því er varðar stjórnendur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða, í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013,
  - e) að því er varðar stjórnendur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013,
  - f) að því er varðar framleiðendur lífeyrisafurða, skriflega í tæka tíð áður en almennur fjárfestir er bundinn af samningi sem tengist lífeyrisafurð,
  - g) að því er varðar rekstrarfélög verðbréfasjóða, í lýsingunni sem um getur í 69. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
  - h) að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem veita þjónustu á viði stýringar eignasafns eða veita fjárfestingarráðgjöf, í samræmi við 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - i) að því er varðar lánastofnanir sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns eða veita fjárfestingarráðgjöf, í samræmi við 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - j) að því er varðar váttryggingamiðlara og váttryggingafélög sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir og að því er varðar váttryggingamiðlara sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar lífeyrisafurðir sem eru óvarðar fyrir markaðssveiflum, í samræmi við 1. mgr. 29. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,
  - k) að því er varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem stjórna evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, í lýsingunni sem um getur í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,
  - l) að því er varðar seljendur samevrópskrar séreignarafurðar, í lykilupplýsingaskjali samevrópskrar séreignarafurðar sem um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.

#### 7. gr.

##### **Gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi fjármálaafurða**

1. Þegar aðili á fjármálamarkaði beitir a-lið 1. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. mgr. 4. gr. 4. gr. skulu upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr., eigi síðar en 30. desember 2022, hafa að geyma eftirfarandi fyrir hverja fjármálaafurð:

- a) skýra og rökstudda greinargerð um hvort, og þá hvernig, fjármálaafurð tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti,
- b) yfirlýsingu um að upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti séu aðgengilegar í þeim upplýsingum sem verða birtar skv. 2. mgr. 11. gr.

Þegar upplýsingar í 2. mgr. 11. gr. fela í sér magnmælingu á helstu neikvæðu áhrifunum á sjálfbærniþætti geta þær upplýsingar stuðst við ákvæði tæknilegra eftirlitsstaðla sem voru samþykktir skv. 6. og 7. mgr. 4. gr.

2. Þegar aðili á fjármálamarkaði beitir b-lið 1. mgr. 4. gr. skulu upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. fela í sér yfirlýsingu fyrir sérhverja fjármálaafurð um að aðilinn á fjármálamarkaði taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti og ástæðurnar fyrir því.

#### 8. gr.

##### **Gagnsæi í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður**

1. Ef fjármálaafurð eflir, meðal annars, umhverfislega eða félagslega þætti, eða samsetningu þessara þátta, að því tilskildu að félögin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum, skulu upplýsingarnar sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. fela í sér eftirfarandi:

- a) upplýsingar um hvernig þessir þættir eru uppfylltir,

- b) hafi vísitala verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun, upplýsingar um hvort og hvernig þessi vísitala er í samræmi við þessa þætti.

2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu hafa með í upplýsingunum, sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr., vísbendingu um hvar finna megi aðferðina sem er notuð við útreikning á vísitölunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina atriðin er varða framsetningu og innihald upplýsinganna sem verða birtar samkvæmt þessari grein.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, einkenna þeirra og munarins á þeim, svo og þess markmiðs að upplýsingagjöf eigi að vera nákvæm, sanngjörn, skýr, ekki villandi, einföld og hnitmiðuð.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

#### 9. gr.

#### **Gagnsæi í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður í tengslum við sjálfbærar fjárfestingar**

1. Þegar fjármálaafurð hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og vísitala hefur verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun skal eftirfarandi fylgja með upplýsingunum sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr.:

- a) upplýsingar um hvernig tilnefnd vísitala er löguð að því markmiði,
- b) skýring á því hvers vegna og hvernig tilgreinda vísitalan, sem er löguð að því markmiði, er frábrugðin breiðri markaðsvísitölu.

2. Þegar fjármálaafurð hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og vísitala hefur ekki verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun skulu upplýsingarnar sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. hafa að geyma skýringu á hvernig því markmiði verður náð.

3. Þegar fjármálaafurð hefur samdrátt í losun kolefnis að markmiði skulu upplýsingarnar sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. hafa að geyma markmiðið um litla áhættu vegna losunar kolefnis, í því skyni að uppfylla langtímamarkmið Parísarsamningsins sem lýtur að hnattrænni hlýnun.

Upplýsingarnar sem um getur í 6. gr. skulu, þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, þegar viðmiðun ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga eða viðmiðun ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011<sup>(20)</sup> eru aðgengilegar, hafa að geyma ítarlega skýringu á því hvernig tryggja eigi áframhaldandi vinnu við að ná því markmiði að draga úr losun kolefnis, í því skyni að uppfylla langtímamarkmið Parísarsamningsins sem lúta að hnattrænni hlýnun.

4. Aðilar á fjármálamarkaði skulu hafa með í upplýsingum sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. vísbendingu um hvar sé að finna aðferðina sem er notuð við útreikning á vísitölunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og viðmiðunum sem um getur í annari undirgrein 3. mgr. þessarar greinar.

5. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriðin er varða framsetningu og innihald upplýsinganna sem verða birtar samkvæmt þessari grein.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, markmiða þeirra eins og um getur í 1., 2. og 3. mgr. og munarins á þeim, svo og þess markmiðs að upplýsingagjöf eigi að vera nákvæm, sanngjörn, skýr, ekki villandi, einföld og hnitmiðuð.

<sup>(20)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagæmingum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

#### 10. gr.

##### **Gagnsæi í tengslum við eflingu umhverfislegra og félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar á vefsetrum**

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja fjármálaafurð sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 9. gr.:

- a) lýsingu á umhverfislegum eða félagslegum þáttum eða markmiði um sjálfbæra fjárfestingu,
- b) upplýsingar um aðferðir sem eru notaðar til að meta, mæla og vakta umhverfislega og félagslega þætti eða áhrif sjálfbærra fjárfestinga sem eru valdar fyrir fjármálaafurðina, þ.m.t. gagnalindir hennar, viðmið fyrir mat á undirliggjandi eignum og viðkomandi sjálfbærnivísar sem eru notaðir til að meta umhverfislega eða félagslega þætti eða varanleg heildaráhrif fjármálaafurðarinnar,
- c) upplýsingarnar sem um getur í 8. og 9. gr.,
- d) upplýsingarnar sem um getur í 11. gr.,

Upplýsingarnar sem verða birtar samkvæmt fyrstu undirgrein skulu vera skýrar, gagnorðar og skiljanlegar fjárfestum. Þær skulu birtar á nákvæman, sanngjarnan, skýran, ekki villandi, einfaldan og hnitmiðaðan hátt og á áberandi og aðgengilegum stað á vefsetrinu.

2. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina efni upplýsinganna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og kröfurnar um framsetningu sem um getur í annari undirgrein þeirrar málsgreinar.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka tillit til margvíslegra tegunda fjármálaafurða, einkenna þeirra og markmiða eins og um getur í 1. mgr. og munarins á þeim. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu uppfæra tæknilega eftirlitsstaðla reglulega í ljósi þróunar á sviði eftirlits og tækni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

#### 11. gr.

##### **Gagnsæi í reglubundnum skýrslum í tengslum við eflingu umhverfislegra og félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar**

1. Þegar aðilar á fjármálamarkaði gera fjármálaafurð aðgengilega eins og um getur í 1. mgr. 8. gr. eða í 1., 2. eða 3. mgr. 9. gr., skulu þeir hafa með lýsingu á eftirfarandi í reglubundnum skýrslum:

- a) að því er varðar fjármálaafurð eins og um getur í 1. mgr. 8. gr., að hve miklu leyti umhverfislegir eða félagslegir þættir séu uppfylltir,
- b) að því er varðar fjármálaafurð eins og um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 9. gr.:
  - i. sjálfbærnitengdum heildaráhrifum fjármálaafurðar með viðeigandi sjálfbærnivísnum, eða
  - ii. þegar vísitala hefur verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun, samanburður á sjálfbærnitengdum heildaráhrifum fjármálaafurðar og áhrifum tilnefndrar vísitölu og breiðrar markaðsvísitölu fyrir tilstilli sjálfbærnivísa.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu birtar með eftirfarandi hætti:
- að því er varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 22. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
  - að því er varðar váttryggingafélög, skriflega ár hvert í samræmi við 6. mgr. 185. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
  - að því er varðar stofnanir um starfstengdan lífeyri, í ársskýrslunni sem um getur í 29. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,
  - að því er varðar stjórnendur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013,
  - að því er varðar stjórnendur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013,
  - að því er varðar framleiðendur lífeyrisafurða, skriflega í ársskýrslunni í samræmi við landslög,
  - að því er varðar rekstraraðila verðbréfasjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 69. gr. tilskipunar 2009/65/EB.
  - að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem veita stýringu eignasafns, í reglubundinni skýrslu eins og um getur í 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - að því er varðar lánastofnanir sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns, í reglubundinni skýrslu eins og um getur í 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - að því er varðar seljendur samevrópskrar séreignarafurðar, í greinargerð um lífeyrisréttindi í samevrópskri, einstaklingsbundinni lífeyrisafurð sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.
3. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, geta aðilar á fjármálamarkaði notað upplýsingarnar í skýrslum framkvæmdastjórnar í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2013/34/ESB eða upplýsingar í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði í samræmi við 19. gr. a í þeirri tilskipun, eftir því sem við á.
4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein, taka tillit til margvíslegra tegunda fjármálaafurða, einkenna þeirra og markmiða og munarins milli þeirra. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu uppfæra tæknilega eftirlitsstaðla reglulega í ljósi þróunar á sviði eftirlits og tækni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

*12. gr.*

#### **Endurmat upplýsinga**

- Aðilar á fjármálamarkaði skulu tryggja að allar upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 3., 5. eða 10. gr. séu uppfærðar. Þegar aðili á fjármálamarkaði breytir slíkum upplýsingum skal birta greinargóða útskýringu á slíkri breytingu á sama vefsetri.
- Ákvæði 1. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um fjármálaráðgjafa að því er varðar allar upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 3. og 5. gr.

*13. gr.*

#### **Markaðsefni**

- Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu, með fyrirvara um strangari löggjöf, einkum tilskipanir 2009/65/EB, 2014/65/ESB og (ESB) 2016/97 og reglugerð (ESB) nr. 1286/2014, tryggja að markaðsefni þeirra stangist ekki á við upplýsingarnar sem eru birtar samkvæmt þessari reglugerð.
- Evrópsku eftirlitsstofnanirnar geta, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem ákvarða staðlaða framsetningu á upplýsingum um eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.

*14. gr.*

#### **Lögbær yfirvöld**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd í samræmi við sérlög, einkum sérlögin sem um getur í 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, og í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB, hafi eftirlit með því að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fari að kröfunum í þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld skulu hafa allar nauðsynlegar valdheimildir til eftirlits og rannsókna til að þau geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt þessari reglugerð.
2. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar þessa reglugerð, vinna saman og skulu afhenda hvert öðru, án ástæðulausrar tafar, þær upplýsingar sem skipta máli til að þau geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

*15. gr.*

#### **Gagnsæi hjá stofnunum um starfstengdan lífeyri og váttryggingamiðlurum**

1. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu birta og uppfæra upplýsingarnar sem um getur í 3. til 7. gr. og í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar í samræmi við f-lið 2. mgr. 36. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341.
2. Váttryggingamiðlarar skulu senda upplýsingarnar sem um getur í 3. gr., 5. mgr. 4. gr., 5. gr., 6. gr. og fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar í samræmi við 23. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97.

*16. gr.*

#### **Lífeyrisafurðir sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009**

1. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessari reglugerð gagnvart framleiðendum lífeyrisafurða sem reka innlend almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009. Framleiðendur lífeyrisafurða eins og um getur í d-lið 1. liðar í 2. gr. þessarar reglugerðar skulu, í slíkum tilvikum, hafa með framleiðendur lífeyrisafurða sem stjórna innlendum almannatryggingakerfum og lífeyrisafurða sem um getur í 8. lið 2. gr. þessarar reglugerðar. Líta skal svo á, í slíkum tilvikum, að skilgreiningin á lífeyrisafurð í 8. lið 2. gr. þessarar reglugerðar feli í sér lífeyrisafurðir sem um getur í fyrsta málslið.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku eftirlitsstofnununum um allar ákvarðanir sem eru teknar skv. 1. mgr.

*17. gr.*

#### **Undanþágur**

1. Reglugerð þessi skal hvorki gilda um váttryggingamiðlara sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir né um verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingaráðgjöf og sem eru fyrirtæki, án tillits til félagsforms þeirra, þ.m.t. einstaklingar og sjálfstætt starfandi einstaklingar, að því tilskildu að starfsmenn þeirra séu færri en þrír.
2. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessari reglugerð gagnvart váttryggingamiðlurum sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir eða verðbréfafyrirtækjum sem veita fjárfestingaráðgjöf eins og um getur í 1. mgr.
3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku eftirlitsstofnununum um sérhverja ákvörðun sem er tekin skv. 2. mgr.



18. gr.

### Skýrsla

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu kanna umfang valfrjálsrar birtingar upplýsinga í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. og a-lið 1. mgr. 7. gr. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 10. september 2022 og á hverju ári eftir það, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um bestu starfsvenjur og setja fram tilmæli um staðla fyrir valfrjálsa skýrslugjöf. Í þeirri ársskýrslu skal kanna afleiðingar áreiðanleikakönnunar á upplýsingagjöf samkvæmt þessari reglugerð og skal veita leiðbeiningar hvað þetta varðar. Sú skýrsla skal birt opinberlega og send til Evrópuþingsins og ráðsins.

19. gr.

### Mat

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. desember 2022, meta beitingu þessarar reglugerðar og skal einkum taka til athugunar:
  - a) hvort viðhalda ætti tilvísuninni í meðalfjölda starfsmanna í 3. og 4. mgr. 4. gr., skipta henni út, eða hvort henni eigi að fylgja önnur viðmið, og skal íhuga ávinninginn og meðalhóf tengdrar stjórnsýslubyrði,
  - b) hvort framkvæmd þessarar reglugerðar sé hamlað vegna skorts á gögnum eða ófullnægjandi gæða þeirra, þ.m.t. vísar um neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti af hálfu fyrirtækja sem fjárfest er í.
2. Matinu, sem um getur í 1. mgr., skulu fylgja tillögur að nýrri löggjöf, ef við á.

20. gr.

### Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 10. mars 2021.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, skulu 6. og 7. mgr. 4. gr., 3. mgr. 8. gr., 5. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr. koma til framkvæmda frá og með 29. desember 2019 og 1. til 3. mgr. 11. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 27. nóvember 2019.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

D. M. SASSOLI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

T. TUPPURAINEN

*forseti.*